

Hverfisnefnd Naustahverfis

4. fundur hverfisnefndar Nautahverfis mánudaginn 15. okt haldinn í Pflutúni 10

Mættir voru: Bjarni Sigurðsson, Ólöf Inga Andrésdóttir, Helgi Már Barðason og Hrafnhildur E. Karlsdóttir

Formaður bauð nefndarmenn velkomna.

1. Það hefur fækkað í röðum hverfisnefndar þar sem ritari nefndarinnar Hallveig B. Höskuldsdóttir og tveir varamenn þau Eva Reykjalin Elvarsdóttir og Friðbjörn Möller hafa sagt sig úr nefndinni og flutt burtu. Vegna ritaskorts hefur ekki verið nógu gott lag á að koma fundagerðum til stjórnslu en ákveðið að gera bragabót á því.
 2. Ólöf Inga Andrésdóttir var kölluð inn sem aðalmaður í nefndina og nú vantar 3 varamenn.
 3. Ólöf Inga kynnti nefndarmönnum teikningar og stöðu mála varðandi skólabyggingu sem lagðar voru fram á fundi Skólanefndar með undirbúningshópi um skólabygginguna og starfið. Skólinn er á áætlun og á að taka til starfa haustið 2009. Fram kom að nú þegar eru 87 börn á skólaaldri í hverfinu sem ekið er með í aðra skóla. Fram kom óánægja með aksturstíma í Brekkuskóla því þó hafragrautur sé góður þá eru ekki allir ánægðir með að þurfa að fara í skólabílinn eigi síðar en 07.30 en það þykir snemmt fyrir ekki lengri leið og því hafa foreldrar farið í að aka börnum sínum í skólann því enginn er strætó.
 4. Tekin fyrir fyrirspurn frá íbúa hverfisins Ellen Guðmundsdóttur um skólamál og áætlun strætó, Helga Má falið að kanna málið hjá Strætó og svara Ellen.
 5. Gatnagerð: Dalsbraut bar á góma og það er samdóma álit nefndarmanna að fyrirhuguð Dalsbraut verði að koma til að íbúar hverfisins komist til og frá heimilum sínum.
 6. Rætt um að halda íbúafing eigi síðar en í lok nóvember þar sem meðal annars íbúar fengu tækifæri til að koma málum sínum á framfæri og marka störf nefndarinnar.
 7. Rætt um hverfisvöll fyrir eldri börn og Bjarna falið að kanna það mál.
- Fleira ekki rætt og Hrafnhildi falið að boða til næsta fundar 29 okt vegna undirbúnings íbúafings.
- Fundi slitið um 22..30